

Nr. 3.
13.
jan.

L ö g

um

borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til hreppstjóra í hverjum hrepp skal ár hvert greiða af landssjóði þóknun, er nemi 1 kr. fyrir hvern búandi mann innan hrepps, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð optir gildandi jarðamati.

Þóknun þessa fyrir hvert um liðið fardagaár skal sýslumaður greiða hreppstjóra á manntalsþingi af tekjum landssjóðsins, gegn lögmati kvittun.

Nú eru tveir hreppstjórar í sama hrepp, og skal þá þóknuninni skipt milli þeirra á þann hátt, að sá hreppstjóranna, sem er formaður undirskattanefndar, fái tvo hluta, en hinn þriðjung.

2. gr.

Fyrir birting á fyrirkalli, stefnu, dómi, uppsögn, málskröfu eða öðrum þess konar tilkynningum, skal greiða 1 kr. fyrir hvern þann, sem birt er, og skal gjaldinu skipt jafnt milli stefnuvottanna. Í hjúamálum, og í skuldamálum, sem eigi nema 50 kr., skal að eins greiða helming af gjaldi þessu.

3. gr.

Þurfi stefnuvottarnir, til þess að birta eitthvað, að ferðast meir en 1 mílu á landi eða $\frac{1}{2}$ mílu á sjó, talið fyrir hvorn um sig frá bústað hans til birtingarstaðarins, skal greiða hvorum þeirra 50 aura fyrir hverja mílu á landi eða hverja $\frac{1}{2}$ mílu á sjó. Þóknun þessi, sem greiðist fyrir ferðina fram og aptur, má þó eigi fara fram úr 2 kr. fyrir hvorn stefnuvottinn. Sje sá staður, þar sem birting skal fram fara, svo langt burtu, að vottarnir verði að vera í burtu frá heimilum sínum meir en 10 stundir, til þess að framkvæma verk þetta, bera hvorum þeirra 3. kr. á dag í fæðispeninga.

Nr. 3. Lög 13. janúar um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

L o v

Nr. 3.
13de
Januar.

om

Betaling for Repstyrere og andre, som udføre thinglige Forretninger.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre bitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Til Repstyreren i hver Rep skal der aarlig af Landskassen udredes et Honorar af 1 Krone for enhver i Reppen besat Mand, der boer paa en Jord eller en Jordpart, som efter den gjældende Fordebog er ansat til mindst 5 Hundrederes Dyrhed.

Honoraret for det forløbne Fardagsaar udbetales Repstyreren af Sysselmanden paa Mandtalsthinget af Landskassens Indtægter mod lovformelig Kvittering.

Forsaavidt der er 2 Repstyrere i samme Rep, skal Honoraret deles mellem dem saaledes, at den Repstyrer, der er Formand i Underkattedkommissionen, faar to Trediedele, den anden en Trediedel.

§ 2.

For Forkyndelse af en Indkaldelse, Stævning, Dom, Opsigelse, Beskikkelse eller anden lignende Tilfjendegivelse, betales for hver Person, for hvem Forkyndelsen sker, 1 Kr. til lige Deling mellem Stævnevidnerne. I Dyndesager og i Gjældsager, hvis Gjenstand er under 50 Kr., betales ifkun Halvdelen af det nævnte Gebyr.

§ 3.

Behøve Stævningsmændene, for at udføre en Forkyndelse, at rejse over 1 Mil til Lands eller $\frac{1}{2}$ Mil til Søs beregnet for hver især fra hans Hjem til Forkyndelsesstedet, tilkommer der enhver af dem 50 Dre for hver Mil til Lands eller $\frac{1}{2}$ Mil til Søs. Godtgjørelsen, der beregnes for Hjemreisen og for Tilbagereisen, kan dog ikke overstige 2 Kr. for hver Stævningsmand. Nødvendigviser Forkyndelsesstedets Afstand, at Mændene til Hvervets Udførelse maa være fraværende fra deres Hjem i over 10 Timer, tilkommer der hver af dem i Dagpenge 3 Kr. for hver Dag.

Nr. 3. Lov af 13de Januar om Betaling for Repstyrere m. fl.

Nr. 3.
13.
jan.

4. gr.

Fyrir að lesa upp eða festa upp auglýsingu um skipti, uppboð eða aðrar slíkar ráðstafanir við kirkju eða á öðrum opinberum stað, skal greiða hreppstjóranum 50 aura fyrir hvern stað, sem heimtað er að gjörð þessi skuli fara fram á. Hið sama gjald greiðist, ef þess er krafist, að eitthvað annað verði lesið upp við kirkju, sem hreppstjóri eigi samkvæmt stöðu sinni er skyldur til að lesa upp. Ef hreppstjóri þarf að ferðast, til þess að framkvæma slíka gjörð, skal borga honum þóknun þá, sem ákveðin er í 3. gr. Þó ber honum eigi, hvernig sem á stendur, endurgjald fyrir ferðakostnað og auglýsingar við hans eigin sóknarkirkju eptir að guðspjónusta hefir fram farið.

5. gr.

Fyrir fjárnámsgjörðir bera hreppstjóra 50 aurar af hverjum, sem fjárnám fer fram hjá. Til hvers vottar, sem hafður er við slíka gjörð, skal greiða 25 aura.

Þegar hreppstjóri eptir skipun sýslumanns sem umboðsmaður hans og á hans ábyrgð fremur einhverja aðra fógetagjörð, fær hann gjald það, sem ákveðið er í aukatekjureglugjörðinni, 17. gr., fyrir þess konar gjörðir, ef það eigi fer fram úr 4 kr. Sje það meira en 4 kr., fellur það, sem umfram er, til landssjóðs. Fyrir gjörðir þær, sem nefndar eru í þessari grein, ber hreppstjóranum sama endurgjald fyrir ferðakostnað, sem að framan er ákveðið handa stefnuvottunum.

6. gr.

Haldi hreppstjórinn í forföllum sýslumanns og í hans umboði lítillfjörleg uppboð, falla uppboðslaun þan, sem ákveðin eru í 41. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, til hans óskipt, þó því að eins, að upphæð uppboðsins fari eigi fram úr 200 kr. Sýslumaður skal sjálfur halda þau uppboð, sem ætla má að hlaupi meira en 200 kr.

7. gr.

Þegar hreppstjóri fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskriftar- og virðingargjörðum til leiðbeiningar við skipti eður uppboð, fær hann fyrir þetta verk sitt fyrir fjárhæð gjörðarinnar.

allt að 200 kr.	1 kr.
yfir 200 kr. allt að 600 kr.	2 —
— 600 — — 1,200 —	3 —
— 1,200 —	5 —

þar að auki endurgjald fyrir ferðakostnað samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í 3. gr.

Þegar hreppstjóri annars fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir öðrum skoðunar eða virðingargjörðum, eða er hafður við áreiðar eður aðrar slíkar gjörðir, fær hann sömu borgun, ef að starfið miðar að því, að fá fjárhæð ákveðna með mati, en að öðrum kosti 3 krónur.

8. gr.

Fyrir úttekt greiðist hverjum úttektarmanni 2 kr. fyrir hvern dag, sem gjörðin stendur yfir. Þóknunin telst eptir ákvörðuninni í 15. gr. í aukatekjureglugjörðinni. Fyrir skoðunar- eða virðingargjörð yfir fasteign, hvort heldur gjörðin miðar til að útvega upplýsing um verð jarðarinnar til vedsetningar, eða til skiptaúthlutunar eða til leiðbeiningar við uppboð, ellegar til notkunar við rjettarprætu, eða til hvers annars, sem vera má, skal Nr. 3. Lög 13. janúar um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

§ 4.

Nr. 3.
13de
Januar.

For ved Kirkestævne eller paa andet offentlig Sted at oplæse og opslaa en Beskjendtgjørelse om Skifter, Auktioner eller andre saadanne Foranstaltninger, tilkommer der Repstyreren en Betaling af 50 Dre for hvert Sted, hvor denne Forretning forlanges foretaget. Samme Betaling erlægges, naar ellers Noget, som Repstyreren ikke er pligtig til i Bestillings Medfør at besørge læst, begjæres oplæst ved Kirkestævne. Forjaavidt Repstyreren maa foretage Rejser for at udføre en saadan Forretning, tilkommer der ham den i § 3 bestemte Godtgjørelse, dog kan han i intet Tilfælde faa Betaling for Rejsen til og Beskjendtgjørelser ved hans egen Sognekirke eller Gudstjenesten.

§ 5.

For Udpantningsforretninger tilkommer der Repstyreren 50 Dre af Enhver, som Udpantning foretages hos. Til ethvert Bidue, som medtages til en saadan Forretning, betales 25 Dre.

Naar Repstyreren efter Sysselemændens Ordre som dennes Fuldmægtig og paa hans Ansøgning og Tilsvær udfører nogen anden Fogedforretning, erhoder han det i Sportelreglementets § 17 for deslige Forretninger fastsatte Gebyr, forjaavidt det ikke overstiger 4 Kr. Overstiger Gebyret derimod dette Beløb, tilfalder det Overstyvende Landstakken. For de i nærværende Paragraf ommeldte Forretninger tilkommer der Repstyreren samme Befordringsgodtgjørelse, som ovenfor er fastsat for Stævningmændene.

§ 6.

Forvalter Repstyreren i Sysselemændens Forfald og efter hans Fuldmagt ubetydelige Auktioner, tilfalder det i Sportelreglementets § 41 fastsatte Salær ham udelte, dog kun for et Auktionsbeløb af indtil 200 Kr. Auktioner, der kunne antages at ville give et større Udbytte end 200 Kr., vil Sysselemanden selv have at forvalte.

§ 7.

Naar Repstyreren paa Sysselemændens Begne forestaar Registrerings- og Burderingsforretninger til Gifterretning ved Skifter eller Auktioner, betales ham for denne hans Forretning, naar Forretningens Beløb udgjør:

indtil 200 Kr.	1 Kr.
over 200 Kr. indtil 600 Kr.	2 —
— 600 — — 1200 —	3 —
— 1200	5 —

og desuden Godtgjørelse af Rejseomkostninger efter de i § 3 fastsatte Regler.

Naar en Repstyrer ellers paa Sysselemændens Begne forestaar en Besigtigelses- eller Burderingsforretning, eller bruges ved Afteds- eller andre deslige Forretninger, erhoder han samme Betaling, saafremt Forretningen gaar ud paa at faa noget ved Burdering fastsat til et Pengeløb, men i andet Fald 3 Kr.

§ 8.

For en Udtægtsforretning betales til hver af Udtægtsmændene 2 Kr. for hver Dag, Forretningen varer. Bederlaget beregnes efter Bestemmelserne i Sportelreglementets § 15. For en Besigtigelses- eller en Burderingsforretning over en fast Ejendom, hvad enten Forretningen optages til Prioritetsforretning eller til Regel ved en Skiftedeling, eller til Auktions-

Nr. 3. greiða hverjum af skoðunar- eður virðingarmönnum 2 kr., og þeim, sem ritar það, sem fram fer, enn fremur 1 kr. Hreppstjórinn er skyldur til að rita gjörðina; sju báðir virðingarmennirnir hreppstjórar, skal sá af þeim, sem lengur hefur verið hreppstjóri, hafa þetta starf á hendi, eða hinn eldri, ef báðir hafa jafnlengi verið. Fyrir skipti á jörðum og húsum greiðist hið sama. Fyrir skoðun og virðingu á lausafje borgast 2 kr. til jafna skipta milli virðingarmannanna. Ef svo stendur á að helmingi fleiri menn eru við hafðir til skoðunar eða virðingar, ber hverjum þeirra hin sama borgun, sem goldin er, þegar 2 menn fremja gjörðina.

Fyrir að staðfesta með eidi í rjettinum gjörðir, sem getið er um í þessari grein, borgast eigi sjerstakt gjald. Ferðakostnaður skal endurgoldinn virðingarmönnum samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 3. gr., bæði fyrir ferðina til þess staðar, þar sem gjörðin skal framin, og fyrir ferðina til þess staðar, þar sem eidfesting fram fer.

9. gr.

Sem gjald til vottanna við fógeta-, uppboðs- eða skiptarjettinn skal greiða 50 aura hvorum fyrir hvert rjettarhald, ef það stendur eigi yfir lengur en 8 stundir. Ef rjettarhaldið stendur lengur yfir en 8 stundir samfleytt, telst gjaldið fyrir 1½ dag.

10. gr.

Rjettarvottum við meðferð dómsmála borgast 1 kr. til jafna skipta fyrir hvert rjettarhald, sem málið er til meðferðar. Í einkamálum greiðist gjald þetta í fyrsta skipti ásamt með gjaldinu fyrir fyrirtekt málsins; fyrir hvert rjettarhald seinna í málinu skal sá greiða gjaldið, sem fær málinu frestað. Í opinberum málum greiðist gjald þetta fyrir hvert rjettarhald án tillits til þess, hvað mörg mál eru til meðferðar við það rjettarhald. Þingvottar við manntalsþingin eru skyldir til að hafa starfa þennan á hendi kauplaust.

11. gr.

Þeir menn, sem notarius publicus hefir sem votta við notarialstörf, fá hvor um sig 50 aura fyrir hverja gjörð.

12. gr.

Fyrir flutning fanga og annan kostnað við hapt á þeim greiðist hreppstjóra endurgjald eptir ákvörðun yfirvaldsins.

13. gr.

Gjöld þau, sem getið er um í þessum lögum, greiðast einnig í opinberum málum og gjafsóknarmálum.

Í einkamálum er gjörðarbeiðandinn skyldur að greiða gjaldið áður en gjörðin fer fram. Verði gjaldið eigi greitt fyrir fram, hefir hlutaðeigandi lögtaksrjett að gjaldinu um 2 ár eptir að gjörðin var framin. Hlutaðeigandi rjettarþjónn gefur út fjárnámskipunina, og fer fjárnámið fram eptir reglum þeim, sem ákveðnar eru í opnu brjefi 2. apríl 1841.

Í opinberum og gjafsóknarmálum greiðast þau gjöld, sem hjer ræðir um, eptir hinum gildandi reglum fyrir fram úr landssjóði gegn endurgjaldi hjá þeim, sem dæmdur verður í málskostnað með endilegum dómi.

Nr. 3. Lög 13. janúar um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

efterretning eller til Brug under en Retstrætte eller i hvilket som helst andet Djemed, tilkommer Nr. 3. der hver af Syns- eller Burderingsmændene 2 Kr., og den af dem, der fører Forretningen i ^{13de} Pennen, endvidere 1 Kr. Nepsstyreren er forpligtet til at føre Forretningen i Pennen; ere ^{Januar.} begge Mændene Nepsstyrere, tilkommer dette den af dem, som har været længst i Funktion, eller, saafremt de have været ligelænge i Funktion, den ældste af dem. For Deling af Gaardes Marker og Huse betales det samme. For Syn og Burdering over Løsøre erlægges 2 Kr. til lige Deling mellem Mændene. Skulde i noget Tilfælde et dobbelt Antal Mænd bruges til Syn og Burdering, nyder hver især den samme Betaling, som naar Forretningen afholdes af 2 Mænd.

For de i denne Paragraf omhandlede Forretningers Afhjemling i Retten erlægges intet særligt Gebyr. Rejsseudgifter godtgjøres Mændene efter de i § 3 fastsatte Regler, saavel for Rejsen til Stedet, hvor Forretningen skal foretages, som for Rejsen til det Sted, hvor Afhjemling skal finde Sted.

§ 9.

I Gebyr til Vidnerne i Fogeds-, Auktions- eller Skifteretten erlægges 50 Dre til hver for hvert Retsmøde, forsaavidt dette ikke varer længere end 8 Timer. Hvis Mødet varer mere end 8 Timer, beregnes Gebyret for 1½ Dag.

§ 10.

Retsvidner ved Domsfagers Behandling erholde for hvert Retsmøde, i hvilket en Sag behandles, en Betaling af 1 Kr. til lige Deling. I private Sager erlægges denne Betaling første Gang sammen med Gebyret for Sagens Inkamination; for hvert senere Møde i Sagen betales Gebyret af den, ifølge hvis Forlangende Sagen udsættes. I offentlige Sager erlægges dette Gebyr for hvert Retsmøde uden Hensyn til Antallet af de Sager, der foretages i Mødet. Retsvidnerne ved Mandtalsstingene ere pligtige til at fungere uden Betaling.

§ 11.

De Mænd, som af Notarius publicus benyttes som Vidner ved Notarialforretninger erholde hver især 50 Dre for hver Forretning.

§ 12.

For Fangers Transport og andre med deres Hæftelse forbundne Udgifter erholder Nepsstyreren Godtgjørelse efter Dvirighedens Bestemmelse.

§ 13.

De i denne Lov ommeldte Gebyrer erlægges ogsaa i offentlige og beneficerede Sager. I private Sager er Rekvirenten pligtig til at erlægge Gebyret, inden Forretningen foretages. Er Gebyret ikke betalt forud, har den Paagjældende Udpantningsret for Gebyret i 2 Aar efter Forretningens Foretagelse. Udpantningsordrer udstedes af vedkommende Retsskønt, og Udpantningen foregaar efter de i Maaat 2den April 1841 fastsatte Regler.

I offentlige og beneficerede Sager udredes de heromhandlede Gebyrer, efter de i saa Henseende gjældende Regler, forskudsvis af Landskassen mod Regres til den, hvem Sagens Omkostninger ved endelig Dom paalægges.

Nr. 3. Lov af 13de Januar om Betaling for Nepsstyrere m. fl.

Nr. 3.
13.
jan.

14. gr.

Það, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna, 10. septbr. 1880. VIII. kap., 63—75. gr., er úr gildi numið.

15. gr.

Þessi lög öðlast gildi 1. janúar 1882.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 13. dag janúarm. 1882.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigh.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 14.

Nr. 3.
13de

Bestemmelserne i Sportelreglementet for Rettens Betjente af 10de September 1830 Januar.
VIII Kap. §§ 63—75 ophæves.

§ 15.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1882.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 13de Januar 1882.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.